

Trúnaðarmannaráð Sameykis stéttarfélag í almannajónustu ályktaði á fundi sínum 11. september 2019:

Ólíðandi hægagangur

Kjarasamningsviðræður milli samninganefnda Sameykis og samninganefnda ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa staðið yfir meira og minna í hálf t ár. Sýnilegur árangur af þeim viðræðum er enginn og telur ráðið óverjandi að halda viðræðunum áfram á þessum nóttum. Trúnaðarmannaráði Sameykis er fullkomlega misboðið að ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga skuli bjóða félagsmönnum upp á hægagang af þessu tagi í eins mikilvægu verkefni og kjarasamningar eru.

Trúnaðarmannaráð minnir á að fyrir sumarorlof var viðræðuáætlun milli aðila framlengd. Í henni kom fram að friðarskylda skyldi standa til 15. september og þá með þeim ásetningi að klára samninga fyrir þann tíma. Nú er nokkuð ljóst að það mun ekki takast og samningaviðræðurnar eru í algjörum ólestri.

Trúnaðarmannaráð skorar á samninganefnd Sameykis að hugsa samningsviðræðurnar upp á nýtt ef ekkert markvert kemur fram í viðræðunum á næstu dögum.